

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/550  
komudagur 1.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. nóvember 2010  
2010110015/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins**


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 18. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, 88. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins. Atkvæðagreiðslan fari fram samhliða kosningu til stjórnlagabþings 27. nóvember 2010.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum frá Alþingi og í umboði umhverfisráðuneytisins og ríkisstjórnar. Framangreind tillaga til þingsályktunar og ákvarðanatoka um aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins liggur fyrir utan verksvið stofnunarinnar. Stofnunin hefur því ekki sjálfstæða skoðun á Evrópusambandsaðild eða hvort nú eigi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins sem samþykkt var af Alþingi. Náttúrufræðistofnun hefur verið falið að sinna ýmsum málum er varða viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins og mun gera svo áfram þar til annað verður ákveðið af þar til bærum aðilum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

